ÞINGGERÐ

44. ÁRSÞINGS

sem haldið var að Varmahlíð í Skagafirði

29. og 30. október 1993

Bændahöll – 107 Reykjavík – s. 91-29899, 630325 og 630300

ÞINGGERÐ
44. ÁRSÞINGS
LANDSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA
1993

44. ársþing L.H. var haldið í Varmahlíð í Skagafirði dagana 29.-30. okt. 1993.

Formaður L.H. Guðmundur Jónsson setti þingið með stuttri ræðu og bauð fulltrúa og gesti velkomna.

Þingforsetar voru kjörnir:
Páll Dagbjartsson og Einar E. Gíslason.

Formaður minntist með nokkrum orðum sjö félaga sem látist hafa frá síðasta ársþingi.
Þeirra:
Sigurjóns Jónassonar Stíganda
Valgerðar Gísladóttur Fáki
Antons Guðlaugssonar Sindra
Ólafs Kristjánssonar Snæfellingi
Sigurðar Ólafssonar Fáki
Sigmars Péturssonar Geisla
Guðmundar Sigfússonar Óðni

Þingheimur vottaði hinum látnu virðingu sína með því að rísa úr sætum.

Ávörp gesta.

Þorsteinn Ásgrímsson Varmalandi ávarpaði þingið og bauð gesti velkomna fyrir hönd Héraðsnefndar Skagafjarðar.

Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstjóri, ávarpaði þingið og flutti kveðjur Landbúnaðarráðherra sem ekki gat mætt á þingið.

Kristinn Hugason, ráðunautur, flutti kveðjur frá Búnaðarfélagi Íslands.

Heiðursfélagar: Sæmdir voru gullmerki L.H. Guðmundur Ólafsson, Fáki og Egill Bjarnason Léttfeta.

Ritarar voru kjörnir:

Vigdís Sveinbjörnsdóttir Freyfaxa
Þorsteinn Steinsson Sörla
Hólmfríður Ingólfsdóttir Loga
Eggert Pálsson Þyt
Kristján Gunnlaugsson Fáki
Gísli Sv. Halldórsson Svaða
Sigríður Hermannsdóttir Neista

Kjörbréfanefnd: Birgir Rafn Gunnarsson Fáki, Elísabet Þ. Þórólfsdóttir Andvara og Sigrún Sigurðardóttir Gusti voru í nefndinni. Birgir Rafn skilaði áliti nefndarinnar.
Samkvæmt skýrslu kjörbréfanefndar voru eftirtaldir fulltrúar kjörnir á 44.ársþing L.H. 1993, en alls sitja þingið 119 fulltrúar frá 46 hestamannafélögum:

Frá **Andvara**:
Elísabet Þ. Þórólfsdóttir
Halldór H. Halldórsson
Jóhann Másson
Kristján Karlsson

Frá **Blakki**:
Enginn fulltrúi

Frá **Blæ**:
Vilberg Einarsson

Frá **Dreyra**:
Ragnheiður Þorgrímsdóttir
Þorbergur Þórðarson

Frá **Faxa**:
Ingimar Sveinsson
Ólöf Guðbrandsdóttir
Jón Halldórsson
Jón Eyjólfsson

Frá **Fáki**:
Viðar Halldórsson
Birgir Rafn Gunnarsson
Stefán Pálsson
Guðmundur Ólafsson
Hjörtur Bergstað
Gunnar Maggi Árnason
Guðlaug Steingrímsdóttir
Auðunn Valdimarsson
Kári Arnórsson
Guðbjörg Egilsdóttir
Kristján Gunnlaugsson
Jónas Kristjánsson
Kristján Auðunsson

Frá **Feyki**:
Björg Dagbjartsdóttir

Frá **Freyfaxa**:
Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir
Guðmundur Þorleifsson

Frá **Funa**:
Reynir Björgvinsson
Þór Hjaltason

Frá **Geisla**:
Helga Svanhvít Þrastardóttir

Frá **Geysi**:
Haukur G. Kristjánsson
Þorbergur Albertsson
Valmundur Gíslason
Sigurgeir Bárðarson
Þorvaldur Ágústsson
Árni Jóhannsson

Frá **Glað**:
Grettir B. Guðmundsson
Marteinn Valdimarsson

Frá **Glófaxa**:
Enginn fulltrúi

Frá **Glæsi**:
Hreinn Júlíusson

Frá **Gnýfara**:
Hallur Pálsson

Frá **Goða**:
Enginn fulltrúi

Frá **Grana**:
Ingólfur H. Arnarson

Frá **Gusti**:
Hallgrímur Jónasson
Ásgeir Guðmundsson
Daníel Gunnarsson
Sævar Kristjánsson
Bjarni Sigurðsson
Sigrún Sigurðardóttir

Frá **Háfeta**:
Hörður Jónsson

Frá **Hendingu**:
Hildur Jóhannesdóttir

Frá **Hornfirðingi**:
Ingólfur Vopni Ingvason
Óli Óskarsson

Frá **Hring**:
Kolbrún Kristjánsdóttir
Ármann Gunnarsson

Frá **Herði**:
Rúnar Sigurpálsson
Þröstur Karlsson
Valdimar Kristinsson
Sigurður Sigurðsson
Sigurþór Gíslason

Frá **Kinnskæ**:
Halldór Gunnarsson

Frá **Kópi**:
Gísli Kjartansson
Árni Böðvarsson

Frá **Léttfeta**:
Sveinn Guðmundsson
Guðmundur Sveinsson
Bjarni Bragason

Frá **Létti**:
Jón Ólafur Sigfússon
Stefán Erlingsson
Reynir Hjartarson
Baldvin Ari Guðlaugsson
Guðlaug Hermannsdóttir

Frá **Ljúfi**:
Halldór Guðmundsson
Gísli Rúnar Sveinsson

Frá **Loga**:
Þráinn Bj. Jónsson
Hólmfríður Ingólfsdóttir

Frá **Mána**:
Hulda Geirsdóttir
Ágúst Rúnarsson
Ásdís Adólfsdóttir

Frá **Neista**:
Kjartan Ólafsson
Sigríður Hermannsdóttir

Frá **Óðni**:
Guðmundur Valtýsson

Frá **Sindra**:
Hermann Árnason

Frá **Skugga**:
Þorsteinn Eyþórsson
Þórður Bachmann
Ámundi Sigurðsson

Frá **Sleipni**:
Haraldur Þórarinsson
Ólafur Einarsson
Ólafur Ólafsson
Hrafnkell Guðnason
Ásdís Hoffritz

Frá **Smára**:
Gunnar Örn Marteinsson
Haraldur Sveinsson
Sigurður Páll Ásólfsson
Haukur Haraldsson

Frá **Snarfara**:
Kári Lárusson

Frá **Snæfaxa**:
Skúli Ragnarsson

Frá **Snæfellingi**:
Sólrún Júlíusdóttir
Sæmundur Kristjánsson
Hallur Pálsson

Frá **Sóta**:
Snorri Jóhannsson
Kjartan Antonsson

Frá **Stíganda**:
Sigurður Ingimarsson
Agnar Gunnarsson
Björn Sveinsson

Frá **Stormi**:
Þorkell Þórðarson
Jón G. Guðmundsson

Frá **Svaða**:
Símon I. Gestsson
Gísli Sv. Halldórsson

Frá **Sörla**:
Ágúst Oddsson

Elín Magnúsdóttir
Þorsteinn Steinsson
Snorri Snorrason

Frá **Trausta:**
Sigurður Sigurðsson
Tryggvi Guðmundsson

Frá **Þjálfa:**
Snorri Kristjánsson
Arngrímur Geirsson

Frá **Þráni:**
Jóhann Svanur Stefánsson

Frá **Þyt:**
Guðmundur Sigurðsson
Eggert Pálsson

Frá **Félagi tamningamanna:**
Eyjólfur Ísólfsson
Erling Sigurðsson

Frá **Dómarafélagi L.H.**
(án atkv.réttar)
Olil Amble

Skýrsla stjórnar:
Guðmundur Jónsson formaður flutti skýrslu stjórnar.
Sjá ársskýrslu stjórnar L.H. starfsárið 1992-1993.

Að lokinni skýrslu Guðmundar Jónssonar tók **Sigfús Guðmundsson gjaldkeri L.H.** til máls. Hann las upp og skýrði reikninga L.H. fyrir árið 1992. Tekjur alls reyndust 7.159 þús.kr. og gjöld 7.352 þús.kr. Tap varð því á rekstrinum upp á 193 þús kr.

Tillaga kjörbréfanefndar var borin til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

Orðið var gefið laust um skýrslu formanns og reikninga L.H.
Til máls tóku eftirtaldir:

Fyrstur tók til máls **Kristinn Hugason** og sagði að skýrslan væri prýðileg en hann gerir eina athugasemd. Ráðstefna hefði verið haldin í sumar um hrossaræktarmál. L.H. hefði staðið myndarlega að þeirri ráðstefnu.
Næstur tók til máls **Kári Arnórsson**. Þakkaði hann stjórn L.H. fyrir það mikla starf sem hún hefur lagt á sig á árinu. Gat hann þess að halli á rekstri L.H. stafaði fyrst og fremst af kostnaði vegna æskulýðsmóts sem haldið var á árinu 1992. Jafnframt gat hann þess að skýrsla stjórnarinnar væri mjög

greinargóð og vel úr garði gerð.

Reynir Hjartarson kom með þrjár fyrirspurnir um hækkun á launakostnaði á skrifstofu og vegna hækkunar á fundakostnaði og um starfsemi lyfjanefndar.

Guðmundur Valtýsson ræddi um sameiningu HÍS og L.H. Taldi hann að gögn hefðu verið send allt of seint út til fulltrúa þannig að lítill tími hafi verið til þess að kynna sér málið og taka afstöðu.
Hann ræddi um "Hestinn okkar", að áfram eigi að gefa blaðið út og það eigi að vera málgagn samtaka hestamanna.
Hann þakkaði fyrir starf nefndar um reiðvegagerð.

Sigfús gjaldkeri svaraði því næst framkomnum fyrirspurnum varðandi ársreikningana.
Þá tók **Guðmundur Jónsson form.** til máls og þakkaði góð orð í garð stjórnarinnar og svaraði fyrirspurnum.

Þá voru ársreikningarnir bornir upp til atkvæða og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Þá var gefið matarhlé. Fundi frestað til kl. 13:15.

Fundi fram haldið kl. 13:15.
Þingforseti las upp formenn þeirra nefnda sem starfa munu á þinginu og las síðan yfir þær tillögur sem fyrir lágu og vísaði til nefnda.

Þingskjal nr.3.
44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð í Skagafirði 29. og 30. október 1993 samþykkir eftirfarandi tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 1994.

Tekjur:			
Árgjöld félaga 16 ára og yngri	814 a)	475	kr. 386.650
Árgjöld félaga 17-69 ára	6.170 a)	950	kr. 5.861.500
Aðrar tekjur			kr. 800.000
			kr. 7.048.150
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		kr. 2.800.000	
Húsaleiga og skrifst.kostn.		kr. 1.400.000	
Þátttaka HÍS í rekstri skrifst.		kr. - 600.000	
			kr. 3.600.000
Þinghald og fundir			kr. 700.000
Akstur og ferðakostn.			kr. 550.000
Æskulýðsstarf			kr. 900.000
Dómarafél.námsk.og fræðsla			kr. 150.000

Kostn. v. áningahólfa	kr.	100.000
Vaxtagjöld umfram tekjur	kr.	50.000
Afskriftir	kr.	100.000
Uppbygging Skógarhóla	kr.	100.000
Reiðvegaáætlun	kr.	350.000
Annar kostnaður	kr.	200.000
Ýmislegt ófyrirséð	kr.	248.150
	kr.	7.048.150

Tillögunni vísað til fjárhagsnefndar.

Þingskjal nr. 4
44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð í Skagafirði 29. og 30. október 1993 samþykkir breytingar á 13.gr. laga L.H. er varða atkvæðagreiðslur við lagabreytingar.
Í gildandi lögum L.H. 13.gr. stendur "Lögum þessum má aðeins breyta á lögmætu ársþingi og þarf 2/3 atkvæða **mættra** þingfulltrúa til þess að breytingin sé lögmæt".
44. ársþingið samþykkir að breyta 13.gr. laganna þannig:
"Lögum þessum má aðeins breyta á lögmætu ársþingi og þarf 2/3 **greiddra** atkvæða þingfulltrúa til þess að breytingin sé lögmæt.
Seinni hluti 13.gr. verði óbreyttur.
Tillögunni vísað til laganefndar.

Þingskjal nr. 5
44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð í Skagafirði 29. og 30. október 1993 samþykkir að gera breytingu á 5.grein laga L.H.
Lagt er til að fyrsta málsgrein 5.gr. hljóði svo:
"Ársþing hestamannafélaganna skal skipað fulltrúum er félögin kjósa til eins árs í senn. Félög með færri en 100 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 101-200 félagsmenn, tvo fulltrúa, félög með 201-300 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv.".
Aðrar málsgreinar 5.gr. verði óbreyttar.
Tillögunni vísað til laganefndar.

Þingskjal nr. 6
44. Þing Landsambands hestamanna samþykkir að félagsmenn 13 ára og yngri séu gjaldfríir hjá L.H. og haldi öllum réttindum sem eldri félagar hafa.
Vísað til laganefndar.

Þingskjal nr. 7
44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð 1993 samþykkir að gjaldtaka til L.H. af unglingum sem verða 13 ára á almanaksárinu og yngri, falli niður.

11.grein laga L.H. bls. 5.1.1. myndi þá hljóma á eftirfarandi hátt:
"Tekjur L.H. skulu vera: 1. Árgjald fyrir hvern skráðan félagsmann skal ákveða á ársþingi. Félagar 14-16 ára greiði

hálft gjald. Félagar sem verða 13 ára á almanaksárinu og yngri og x)félagar 70 ára og eldri eru undanþegnir gjaldskyldu til L.H." Afgangur greinar óbreyttur.
Vísað til laganefndar.

Þingskjal nr. 8
44. ársþing L.H. samþykkir að breyta 13.gr. laga L.H. eftirfarandi:
Í fyrstu málsgrein komi -meirihluti atkvæða- í stað "2/3 atkvæða". Í annarri málsgrein komi -meirihluti atkvæða- í stað "3/4 atkvæða".
Vísað til laganefndar.

Þingskjal nr. 9
44. þing L.H. haldið að Varmahlíð 29.-30. október 1993 samþykkir að stjórn L.H. fái reiðhjálma lækkaða í verði, með því að fá þá færða til í tollaflokk og virðisaukaskatt felldan af þeim.
Vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr.10
44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir að fela stjórn samtakanna að leita eftir viðræðum við Hestaíþróttasamband Íslands þar sem fjallað yrði um sameiningu samtakanna í ein heildarsamtök. Skal stjórnin skipa sérstaka viðræðunefnd sem í væru fimm manns.
Vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 11
44. þing Landssambands hestamannafélaga haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir, að stjórn sambandsins fari þess á leit við Hestaíþróttasamband Íslands að skipuð verði sameiginleg nefnd á vegum beggja samtakanna, er geri tillögu að skipuriti af sameinuðum heildarsamtökum hestamanna ásamt tillögum að lögum og reglum fyrir hin sameinuðu samtök. Þá skal samið álit á kostum og göllum þessa skipulags miðað við núverandi skipulag. Tillögur nefndarinnar skulu lagðar fyrir hesta-mannafélögin og íþróttadeildirnar fyrir 1.september 1994 og þing L.H. og H.Í.S. næstkomandi haust til kynningar.
Vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 12
44. þing L.H. haldið að Varmahlíð 29.-30. október 1993 samþykkir að stjórn L.H. beiti sér fyrir viðræðum við stjórn H.Í.S. sem hafi það að markmiði að sameina þessi tvö samtök hestamanna.
Vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 13
44. þing Landsambands hestamanna samþykkir að fella niður flokkun dómara í gæðinga og unglingaflokkum. Út falli því orðið landsdómari og félagsdómari og í staðin komi orðið dómari.
Vísað til keppnisnefndar.

Þingskjal nr. 14
44. ársþing L.H. samþykkir eftirfarandi breytingu á 13.gr. 4. kafla kappreiðareglna:
Í lok greinarinnar komi þessi viðbótarsetning:
Þá er og heimilt að ræsa hestana á ferð, enda sé þess gætt, að þeir fari samtímis yfir ráslínu.
Vísað til keppnisnefndar.

Þingskjal nr. 15
44. ársþing L.H. haldið í Varmhlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir að sá keppnisflokkur sem kallast hefur "Yngri flokkur unglinga" skuli framvegis kallast "Barnaflokkur" og flokkur sá er kallast hefur "Eldri flokkur unglinga" kallist hér eftir "Unglingaflokkur".
Vísað til keppnisnefndar.

Þingskjal nr. 16
44. þing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir eftirfarandi viðbót við 7.gr. laga um gæðingakeppni:
Í gæðingakeppni er knapa skylt að bera reiðhjálm.
Vísað til keppnisnefndar.

Þingskjal nr. 17
44. þing Landssambands hestamannafélaga haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir að breyta 13.grein reglugerðar um gæðingakeppni þannig að við hana bætist eftirfarandi:
Heimilt er að sýna einungis heildareinkunn hests að lokinni keppni hans, ef skráning einkunna fer fram með tölvubúnaði.
Þá skal sýna röð keppenda eftir einkunnum á tölvuskjá að loknum dómi hvers hests. Einnig skal sýna sundurliðun einkunna strax að lokinni hverri keppnisgrein á tölvuskjá eða prentuðum lista.

Kristján Auðunsson mælti fyrir tillögu milliþinganefndar um tölvuvæðingu stórmóta.
Vísað til keppnisnefndar.

Þingskjal nr. 18
44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð 29.-30. október 1993 samþykkir að gefa starfandi æskulýðsnefnd umboð til að skipuleggja starfssvið æskulýðsfulltrúa og skilgreina nánar starfssvið hans. Skipulag þetta yrði síðar borið upp hjá stjórn L.H.
Vísað til æskulýðsnefndar.

Þingskjal nr. 19
44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð 29.-30. október 1993 samþykkir að ráðnir verði tveir æskulýðsfulltrúar í stað eins.
Vísað til æskulýðsnefndar.

Þingskjal nr. 20
44. þing L.H. haldið að Varmahlíð 29.-30. október 1993 samþykkir að æskulýðsfulltrúi verði ráðinn í fullt starf en ekki hálft.
Vísað til æskulýðsnefndar.

Þingskjal nr. 21
44. þing Landsambands hestamannafélaga haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir að sent verði erindi til viðeigandi nefnda Alþingis, þar sem gerð verði tillaga að breytingu við frumvarp til vegalaga, sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi, er tryggi, svo sem kostur er, að reiðvegir verði lagðir með þjóðvegum og kostaðir af Vegagerð ríkisins, þar sem von er ríðandi umferðar.

Þingið leggur til að 3.málsl. 1. málsgr. 29.gr. verði:

Þar sem von er ríðandi umferðar skal við gerð skipulags og val á legu þjóðvega, svo og við klæðningu þeirra, leggja reiðveg innan vegsvæðis eða í nágrenni hans í samráði við Vegagerðina og samtök hestamanna.

Aðrir málsl. greinarinnar haldi sér.

Kristján Auðunsson mælti fyrir tillögu Fáks þingskjali nr. 21.

Vísað til ferða- og umhverfisnefndar.

Þingskjal nr. 22
Nefndarálit gert á fundi 20.10.'93 vegna álits um kosti og galla sameiningar L.H. og HÍS.
Litið er til þess að ein samtök eru sterkari félagsleg heild, en þegar um fleiri samtök er að ræða en eitt um svipað áhugamál og í raun og veru þarf ekki að tíunda það frekar.
Segja má að gallar hugsanlegrar sameiningar felist einkum í því að uppi eru nokkrir óvissuþættir, sem ekki er hægt að fá svar við nú.
Starfsemi, sem fellur undir heildarstarf beggja samtaka er mjög víðtæk, eins og allir vita. Þegar spurt er hvort það verksvið rúmist að öllu leyti innan ramma ÍSÍ, fæst ekki ákveðið svar. Fjárhagsgrundvöllur hestamannafélaga yrði með öðrum hætti en nú er ef þau eiga að starfa alfarið innan ÍSÍ. Nefskattar á félagsmenn til landssamtaka væru ekki heimilir, heldur yrði að afla fjár til samtaka hestamanna með öðrum hætti en nú er. Aflað hefur verið fjár með félagsgjöldum til samtakanna og hefur grundvöllur rekstrar verið alltraustur af þessum sökum. Það þarf að vera sátt um það með hvaða hætti samtökin eru rekin ef horfið er frá því kerfi sem nú er. Það liggur fyrir að ekkert endilega verði meira fé til reksrar skrifstofu samtakanna en er nú.
Vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 23
44. þing Landsambands hestamannafélaga haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir að stjórn samtakanna verði falið að stuðla að tölvuvæðingu gæðingadóma á stórmótum með því að annast um gerð hugbúnaðar, sem byggður er á tillögum milliþinganefndar um tölvuvæðingu á stórmótum.

Kristján Auðunsson mælti fyrir tillögu frá milliþinganefnd um tölvuvæðingu stórmóta þingskjal nr. 23.
Vísað til keppnisnefndar.

Þingskjal nr. 24
Ársþing Landssambands hestamannafélaga felur stjórninni að leita samráðs við hestamannafélögin á suðvesturhorni landsins, einhver eða öll, að þau taki að sér rekstur ferðaþjónustunnar að Skógarhólum.
Reynir Hjartarson mælti fyrir tillögu Léttis og Funa, þingskjal nr. 24.
Vísað til ferða- og umhverfisnefndar.

Áfangaskýrslu nefndar sem kannar möguleika á útgáfu námskrár í reiðkennslu var dreift með þinggögnum.

Vísað til fræðslunefndar.

Reiðvegaáætlun - Starfsskýrsla

Sigríður Sigþórsdóttir, arkitekt, gerði grein fyrir starfi sínu frá 43. þingi L.H. en þar var samþykkt að ráða starfsmann í það verkefni að kortleggja reiðvegi í landinu og gera reiðvegaáætlun. Um var að ræða 6 mánaða vinnu kostaða til helminga af Vegagerð ríkisins og Landssambandi hestamannafélaga.
Í ársskýrslu stjórnar L.H. bls. 15 er áfangaskýrsla 1993 að reiðvegaáætlun þar sem Sigríður gerir grein fyrir vinnu sinni og vísast til hennar hér.

Orðið var gefið laust.

Til máls tóku eftirfarandi aðilar:

Fyrstur tók til máls **Jónas Kristjánsson**. Hann þakkaði fyrir skýrsluna. Spurðist fyrir hvort vinna sem unnin hefði verið áður við kortlagningu reiðvega gæti ekki fallið að þessu starfi. Víða hefur Vegagerðin eyðilagt gamlar reiðleiðir með framkvæmdum sínum. Við þurfum fyrst og fremst að sækja á Vegagerðina á þeim nótum að Vegagerðin bæti það sem hún eyðileggur.

Sigurður Þórhallsson tók til máls og þakkaði Sigríði fyrir frábært starf.
Einnig taldi hann rétt hjá Jónasi að koma þyrfti á framfæri gömlu reiðleiðunum og hver réttur þeirra væri. Hvatti hann Jónas til

að rita um þau mál í Dagblaðinu.

Kári Arnórsson sagði reiðvegamálið væri mikilvægt mál og mætti ekki láta deigan síga í þeim málum. Kári ræddi síðan um fornar reiðleiðir og verndun þeirra og skyldur Vegagerðarinnar að sjá um reiðgötur með þjóðvegum.

Birgir R. Gunnarsson sagði frá því að starfandi er reiðveganefnd Kjalarnesþings, sem m.a. hefur barist fyrir gerð reiðvegar með svonefndum "Flóttamannavegi", þegar hann var lagður slitlagi. Hann benti á að hestamannafélögin ættu að leitast við að beita sveitastjórnarmönnum í þessum málum, meira en gert hefur verið. Þá gerði hann að umtalsefni rafmagnsgirðingar, sem víða eru settar upp nálægt reiðvegum og skapa þannig hættu.
Hann eins og aðrir leggur áherslu á nauðsyn þess að lagðir séu greiðir reiðvegir um leið og unnið er að uppbyggingu akvega.

Stefán Pálsson þakkaði Sigríði fyrir ágætt erindi. Það vakti upp margar spurningar m.a. um hinn lagalega grundvöll. Það þarf að skapa skilning á því að ríðandi fólk þurfi að komast um landið. Talað er um einn skilning Vegagerðarinnar og annan skilning hestamanna sem eru óþolandi hártoganir. Við þurfum að fá inn í vegalög að þetta sé þáttur í vegagerð í landinu en ekki einkavegir.

Kristján Auðunsson Fáki þakkaði Sigríði gott framlag. Vitnaði hann í frumvarp til vegalaga þar sem reiðvegir eru flokkaðir undir einkavegi. Í því sambandi taldi hann nauðsynlegt að virkja sveitafélögin hvað varðar kostnað við vegagerð. Minnti hann og á hver réttur ríðandi vegfaranda er.

Marteinn Valdimarsson lagði áherslu á að það yrði að fylgja vel eftir hagsmunamálum hestamanna við gerð nýrra vegalaga.

Ingimar Sveinsson benti á að í lögum er ákvæði um lagningu reiðvega meðfram akvegum þegar þeir eru lagðir bundnu slitlagi, ásamt því að girt sé meðfram þeim. Þessu er ekki framfylgt þar sem þetta er ekki bundið í fjárlögum, þau taka því önnur lög af. Í Andakílshreppnum er prófmál í gangi þar sem flestir íbúar hreppsins hafa skrifað undir áskorun til Vegagerðarinnar um lagningu reiðvegar meðfram veginum sem á að fara að byggja undir slitlag.

Sigríður Sigþórsdóttir svaraði framkominni fyrirspurn frá Jónasi Kristjánssyni. Tók hún undir orð Birgis Gunnarssonar að sveitarfélögin þyrftu með auknum mæli að koma inn í reiðvegagerð. Ennfremur tók hún undir nauðsyn þess að tryggja lagagrundvöll fyrir reiðvegum og uppbyggingu þeirra.

Guðbrandur Kjartansson talaði um samskipti við Vegagerðina en hún væri mjög brösótt, einnig sagði hann frá samtali við

embættismann hjá Vegagerðinni sem taldi að samningur Vegagerðar og L.H. væri í fullu gildi, einnig ræddi Guðbrandur um nýju vegalögin og lagði áherslu á að hestamenn yrðu að róa í alþingismönnum og sveitastjórnarmönnum.

Guðmundur Jónsson tekur undir þakkir til Sigríðar fyrir vinnu hennar við reiðvegaáætlun. Hann skorar á alla að vera vel á verði og gera viðvart ef þeir sjá fram á mistök vegna vegagerðar og lagningar reiðvega. Bendir á að samkvæmt lögum er óheimilt að loka gömlum reiðleiðum með girðingum nema hlið sé sett á .

Reynir Hjartarson tók til máls og vitnaði hann í dæmi um mátt sveitastjórna úr heimahéraði sínu varðandi reiðvegagerð.

Gert var kaffihlé kl. 15:00.

Eftir kaffihlé las þingforseti skeyti með baráttukveðjum sem barst frá Alberti Jóhannssyni Skógum.

Þá tóku við framsöguerindi um **"Félagslega stöðu hestamanna"**.

Fyrstur tók til máls af framsögumönnum **Kári Arnórsson.**
Þegar hugað er að félagslegri stöðu hestamanna er rétt að skoða forsöguna. Rakti Kári í stuttu máli hvernig þróun hefði orðið í þessum efnum. Síðustu árin hafa orðið nokkrar breytingar og er umhverfið allt annað nú en var og hafa menn þurft að bregðast við breyttum kröfum og þörfum.
Staðan er orðin nokkuð flókin félagslega.
Í hestamannafélögunum og íþróttadeildum þeirra er sama fólkið og mörgum finnst því eðlilegt að sameina þau samtök.
Kári setur fyrirvara um að sameinast í HÍS.
Íþróttasamband notar sína krafta í þágu íþróttakeppninnar og það eru margir í hestamennsku sem ekki hafa hagsmuni á því sviði.
Við megum ekki gleyma að aðstaða til hestamennsku byggist á fleiru en keppni og keppnisaðstæðum.
Kári vill vekja menn til umhugsunar um hvað svona breyting hefði í för með sér. Menn verða að gæta þess að það er mikill minnihluti félaga í L.H. sem hefur hagsmuna að gæta í keppnum og keppnisaðstöðu. Erlendis eru þessi mál í einum potti en þó tvískipt milli keppni og ræktunar. Þau samtök rúmast ekki innan íþróttahreyfingarinnar. Hvað gerist ef sameinað verður og aðalmálin verða keppnismál. Þá munu ræktendur leggja aukna áherslu á sín samtök. Hvað verður þá um hinn almenna hesteiganda.
Kári sýndi á glæru hugmyndir um deildarskipt samtök.
Landssamband hestamannafélaga í þremur deildum: Almenn deild, íþróttadeild og ræktunardeild.
Kári kom jafnframt með hugmyndir um hvernig stokka mætti upp hestamannafélögin, sameina þau og skipa eftir landssvæðum.

Hugmyndir Kára um mótssvæði:

Vesturland og Vestfirðir: Kaldármelar
Norðurl.v. og Strandir: Vindheimamelar
Norðurland eystra: Melgerðismelar
Austurland: Stekkhólmi
Suðurland: Gaddstaðaflatir
Reykjavík og Reykjanes: Víðidalur

Kári sagði að við yrðum að styrkja okkar samtök og bregðast við breytingunum þannig að við höldum stöðu okkar.
Í hugmyndum Kára er reiknað með einum heildarsamtökum en sagði hann að hver svo sem niðurstaðan yrði þyrftu menn að reyna að skyggnast inn í framtíðina þó óvíst væri að það skipulag sem menn kæmu upp með standi eins lengi og það sem stofnað var til 1949.

Þá tók til máls **Ármann Gunnarsson.**
Hann vakti athygli á því að hann væri í hestamannafélaginu Hring, hestaíþróttadeild og fleiri félögum sem tengdust hestamennskunni.
Hann gat þess að á undanförnum árum hefði orðið nánast sprenging í hestamennskunni. U.þ.b. 10 ár eru síðan Fákur gekk í Í.S.Í. sem hestaíþróttadeild.
Tvö landssambönd hestamanna eru starfandi í dag þ.e. L.H. og H.Í.S.
Því næst kom hann inn á það að hin ýmsu félög hafa verið að sameinast og rætt er um væntanlega sameiningu sveitarfélaga.
Hann kvað það myndi styrkja félagsmál hestamanna ef félögin yrðu sameinuð og myndað nýtt félag H.S.Í. þ.e. Hestamannasamband Íslands.

Að lokum tók til máls **Guðmundur Sigurðsson.** Hann nefndi flest þau félög sem starfa að málefnum hestamanna í landinu og nú síðast fagráð í hrossarækt.
Hann kom þá að nauðsyn sameiningar þessara félaga með það að gera starfið ódýrara, markvissara og hagkvæmara.
Guðmundur ræddi um þá aðila og félög er standa að ræktunarstarfi ísl. hestsins svo sem Búnaðarfélag Íslands, Hrossaræktarsamband Íslands, Félag hrossabænda og félög og nefndir á vegum þeirra.
Hann ræddi um störf þeirra og tilgang og sýndi glærur máli sínu til stuðnings. Þar komu fram tengsl milli þessara félaga og hvernig þau eru byggð upp.
Fagráðið er byggt upp af sex félögum og samböndum hrossaræktunar og hestamennskunnar.
Hann gat þess að búnaðarsamböndin kæmu leiðbeiningaþjónustunni til félagsmanna sinna og vildu þeir gjarnan auka hana en hún væri tímafrek og dýr.
Hann kom inn á umræðu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um sameiningu og þá hugsanlega sameiningu Félags hrossabænda og Hrossaræktarsambands Íslands.
Þá ræddi hann einnig þann möguleika að Félag hrossabænda taki

yfir starfsemi Hrossaræktarsambands Íslands.
Einföldun og sameining myndi leiða til aukins sparnaðar.
Hann taldi að eins og er sé ekki mikil ástæða til að gjörbreyta kerfinu en heppilegt yrði ef Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda sameinuðust og Hrossaræktarsamband Íslands sameinaðist annað hvort Félagi hrossabænda eða L.H.
Að lokum óskaði hann hestamönnum alls velfarnaðar.

Að því búnu var orðið gefið laust og **frjálsar umræður** um félagslega stöðu hestamanna hófust.

Ingimar Sveinsson tók fyrstur til máls. Þakkaði hann góð erindi. Ræddi hann um sameiningarmál. Lagði hann áherslu á að ekki væri einungis sameinað sameiningarinnar vegna, heldur væri það gert að vel íhuguðu máli þ.a. starfseiningarnar yrðu betri en fyrir sameiningu. Að öðrum kosti væri sameining óþörf.

Næstur tók til máls **Kári Arnórsson.**
Kári sagðist setja slíkt upp sem umræðudæmi. Þar sem Ingimar tók fyrir Austurlandið, þá mætti það landssvæði vera deildaskipt, og þau landssvæði þar sem svipað háttar til.
Það liggja í loftinu breytingar á félagskerfinu í þjóðfélaginu almennt og við þurfum að gefa sameiningarmálum gaum.

Þá tók til mál **Pétur Jökull Hákonarson.** Hann velti upp þeirri spurningu hvort eðlilegt væri að sameina hestamannahreyfinguna undir einn hatt. Taldi hann eðlilegt að flýta sér hægt í þessum málum og íhuga málin vel áður en ein félagssamtök væru lögð niður og önnur stofnuð. Eðlilegt væri því að láta umræðuna um sameiningu HÍS og LH þróa sig hægt og bítandi með öflugri samvinnu þessara samtaka. Lagði hann til og mælti með að sett væri á laggirnar nefnd sem um þessi mál fjallaði og gerði tillögu um framtíðarskipan þessara mála.

Valdimar Kristinsson þakkaði stjórn L.H. fyrir að bjóða upp á þessa umræðu. Hann gerði fyrirspurn til Kára Arnórssonar hvers vegna Hestaíþróttasamband Íslands gæti ekki orðið aðili að F.E.I.F.
Hann sagðist hafa rætt við Sigurð Magnússon hjá Í.S.Í. og í framhaldi af því spurði hann Sigurð hvort vera tveggja aðila L.H. í hrossaræktarnefnd yrði til trafala. Svar Sigurðar M. var það að þvert á móti væri það hið besta mál og skipti engu varðandi inngönguna í Í.S.Í. og sameiningu L.H.

Einar E. Gíslason tók til máls og þakkaði hann góð erindi. Tók hann undir að ekki væri eðlilegt að sameina einungis sameiningarinnar vegna. Taldi hann mjög brýnt að sjónarmið bænda kæmu skýrt fram og einnig væri horft til sjónarmiða endanlegra neytenda. Ekki væri víst að sjónarmið þessara hópa færu ávallt saman. Í þessu sambandi væri nauðsynlegt að taka föstum tökum á því hvernig haldið verður á ræktunarmálum í framtíðinni og

hvernig þeir hópar sem að þessum málum vinna komi til með að vinna í komandi framtíð.

Stefán Pálsson sté í pontu og þakkaði framsögumönnum. Hann rifjaði upp skýrslu varðandi kosti og galla þess að sameina L.H. og H.Í.S. Hann minnti á það hvers vegna hefði þótt fýsilegt að ganga í Í.S.Í. á sínum tíma. Það hefði verið vegna peninga, en raunin hefði orðið önnur og ekki fengist eins mikið fjármagn eins og vænst hefði verið.
Hann talaði um félagslega þáttinn hjá L.H. og taldi hann mikilvægan og L.H. væri sameiningartákn allra hestamannafélaga í landinu.
Hann sagði að við ættum að vinna öll sameiginlega undir merki L.H. og sagði hann að best væri að finna vettvang fyrir okkur öll að starfa innan. Hugsanlega gætum við haft íþróttadeildina innan okkar Landssambands.
Stefán taldi það vera nauðsynlegt að halda skrifstofu hjá L.H. og ætti hún að vera sú eina fyrir alla hestamenn í sem víðasta skilningi og nefndi hann sem dæmi reiðvegamálin og samskipti við Vegagerðina.

Kristinn Hugason tók til máls og sagði að hlutirnir breyttust og mennirnir með. Varasamt að taka orð sem sögð voru fyrir löngu sem almenn sannindi í dag því allt er breytingum undirorpið.
Í sambandi við það sem nú er til umræðu vildi hann ræða það sem sneri að hrossaræktinni.
Sagði hann frá könnunarviðræðum milli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Ef af verður mun það hafa miklar breytingar í för með sér.
Brá hann upp myndum til skýringar á skipulagi innan Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins.
Menn þurfa að gæta að því á næstu árum að skipta vel með sér verkum. Þegar ný samtök bætast við þurfa önnur sem fyrir eru að endurskoða sín störf.

Kristján Auðunsson vildi benda á að þessi umræða væri að fara á stað og kæmi til með að taka nokkur ár. Hann sagði að við mættum ekki fara út í tilfinningalegu hliðina.
Hann taldi misskilning að ekki mætti greiða félagsgjald í íþróttafélögum. Í.S.Í. aðstoðar okkur best með að þrýsta á sveitarfélög með fjárstuðningi í gegnum H.Í.S.

Pétur Jökull Hákonarson gagnrýndi ræðu Stefáns Pálssonar varðandi væntingar um digra sjóði.
Hann sagði að ástæðan hefði verið öll önnur og sú að sveitarstjórnirnar yrðu að leggja fram fé til íþróttamála þ.e.a.s. þegar hestaíþróttadeildirnar voru stofnaðar.
Hann minntist einnig á kostnað við að senda keppnislið á heimsleikana og sagði L.H. ekki hafa stutt við bakið á H.Í.S.

Hallgrímur Jónasson sagði að menn töluðu um að leggja annaðhvort

niður L.H. eða H.Í.S. Málið væri ekki svona einfalt.
Spurningin væri á að reka tvenn samtök fyrir sama fólkið ?
Hver er herkostnaðurinn við þetta og við sameininguna. Þurfum við að fá hæfa menn til að skoða það.
Hann sagðist sakna umræðu um stöðu hestamanna í samfélaginu.
Starfið beinist of mikið inn á við og of lítið út á við. Við þurfum að hugsa um hvernig við getum bætt það.

Framsögumenn tóku til máls.

Guðmundur Sigurðsson svaraði framkomnum spurningum og þeim vangaveltum sem fram komu í umræðunum og beint hafði verið til hans varðandi fyrirkomulag ræktunarmála.

Ármann Gunnarsson lýsti ánægju sinni með að sameiningarmálin væru komin á dagskrá. Lýsti hann áhuga á hugmyndum Kára og þá frekar hægt að halda árshátíðir o.fl. sem spilar á félagslega þáttinn.
Hann segir að hestamannafélagið Hringur sé í nánara sambandi við Ungmennasamband Eyjafjarðar heldur en Landssamband hestamannafélaga.
Aðalatriðið sé að nú verði sest niður af virkilegri alvöru og málin rædd og skoðuð.

Kári Arnórsson svaraði framkomnum fyrirspurnum sem beint hafði verið til hans. Hann sagðist hafa sett fram róttæka hugmynd um breytingu ef menn vildu sameina. Hér væri ekki um beina tillögu hans að ræða heldur væri hér um hugmynd að ræða um það hvernig mætti standa að sameiningarmálum.
Hann taldi að styrkur væri að því að sameina að ýmsu leyti og umfram allt ættu menn að vinna vel saman.

Að svo stöddu var umræðum lokið og gengið til nefndarstarfa.

Fundi fram haldið 30/10 kl. 10:00.

Guðmundur Jónsson formaður kvaddi sér hljóðs. Bauð hann velkominn til þingsins Sigurð Magnússon framkvæmdastjóra Í.S.Í.
Páll Dagbjartsson þingforseti kynnti liðinn skil starfsnefnda.

Hallgrímur Jónasson gerði grein fyrir störfum **ferða- og umhverfisnefndar**.
Fyrir nefndinni lágu **þingskjöl nr. 21 og 24**. Auk þess leggur nefndin fram **þingskjöl nr. 28-35**.
Hallgrímur mælti fyrst fyrir **þingskjali nr. 21** um vegamálin.
Gerði hann grein fyrir orðalagsbreytingum sem nefndin hefði gert á upphaflegri tillögu og leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt þannig.
Enginn óskaði eftir að taka til máls um tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 21
44. þing Landssambands hestamannafélaga haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir að sent verði erindi til viðeigandi nefnda Alþingis. Þar sem gerð verði tillaga að breytingu við frumvarp til vegalaga, sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi, er tryggi að reiðvegir verði lagðir með þjóðvegum og kostaðir af Vegagerð ríkisins, þar sem von er umferðar ríðandi manna.

Þingið leggur til að 3. málsl. 1. málsgr. 29. gr. verði:

Þar sem von er umferðar ríðandi manna skal við gerð skipulags og val á legu þjóðvega, svo og við klæðningu þeirra, leggja reiðveg innan vegsvæðis eða í nágrenni hans í samráði við Vegagerðina og samtök hestamanna.

Hallgrímur mælti næst fyrir tillögu nefndarinnar á **þingskjali nr. 28.**

Þingskjal nr. 28
44. þing Landssambands hestamannafélaga haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir að beina því til sveitarstjórna að reiðvegaáætlun á vegum L.H. og Vegagerðar ríkisins sem mun liggja fyrir í febrúar 1994 verði samþykkt sem fylgiskjal gildandi skipulags, eða liggi sem grundvöllur fyrir aðal- eða svæðaskipulags í vinnslu.

Engin umræða varð um tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Hallgrímur tók fyrir næstu tillögu, á **þingskjali nr. 24** varðandi Skógarhóla. Nefndin var sammála um að leggja til að þeirri tillögu yrði vísað frá og leggur fram aðra tillögu varðandi sama mál, **þingskjal nr. 29.**

Þingskjal nr. 29
44. þing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir að beina því til stjórnar L.H. að hún leggi fram og kynni þingið reikninga vegna reksturs Skógarhóla fyrir árið 1992.

Borin var upp tillaga nefndarinnar um að vísa **þingskjali nr. 24** frá. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 24
44. ársþing L.H. felur stjórninni að leita samráðs við hestamannafélögin á suðvesturhorni landsins, einhver eða öll, að þau taki að sér rekstur ferðaþjónustunnar að Skógarhólum.

Þingskjal nr. 29 var lögð fram og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá var kynnt **þingskjal nr. 30**

Þingforseti kom fram með tillögu um teljara:
Kjartan Ólafsson og Ágúst Oddsson.
Tillagan samþykkt.

Þingskjal nr. 30
44. þing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 felur stjórn L.H. að láta semja lögfræðilega greinargerð um réttarstöðu hestamanna gagnvart aðilum sem loka eða spilla reiðleiðum.

Þá var orðið gefið laust um **þingskjal nr. 30** um greinargerð um réttarstöðu hestamanna.
Til máls tóku eftirtaldir:

Haraldur Þórarinsson ræddi um **þingskjal nr. 30** og sagði að það væri til lögfræðileg greinargerð og væri það peningasóun að láta gera fleiri.

Guðbrandur Kjartansson tók undir mál Haraldar lagalega hliðin hafi ekkert breyst frá því að greinargerðin var samin og því væri það aðeins sóun á fjármunum að fara út í gerð nýrrar greinargerðar.

Kári Arnórsson sagði að það væri búið að kanna málið og sagði að það þyrfti að ganga prófmál til að fá úr þessu skorið.

Hallgrímur tók til máls og þakkaði góðar ábendingar og sagði að enginn í nefndinni hefði vitað af að greinargerðin væri til. Hann beindi því til stjórnar L.H. að hún tæki saman greinargerð og sendi til hestamannafélaganna.
Hallgrímur dró tillöguna á **þingskjali nr. 30** til baka.

Þá kynnti Hallgrímur tillögu á **þingskjali nr. 31**.

Þingskjal nr. 31
44. þing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 harmar að Vegagerð ríkisins skuli hafa spillt og fórnað gömlum reiðleiðum, sem njóta lagaverndar og hvetur til að bætt verði fyrir þau brot.

Orðið var gefið frjálst. Enginn kvaddi sér hljóðs.
Tillagan samþykkt samhljóða.

Næst var tillaga á **þingskjali nr. 32** kynnt.

Þingskjal nr. 32.
44. þing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 hvetur aðildarfélög til að benda sveitarstjórnum á að beita áhrifum sínum við gerð aðal- og svæðaskipulags til að fá reiðvegi lagða sem lið í almennum vegaframkvæmdum.

Orðið var gefið laust um tillöguna. Tillagan samþykkt með öllum

greiddum atkvæðum.

Kynnt var tillaga á **þingskjali nr. 33**.

Þingskjal nr. 33
44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 beinir því til stjórnar L.H. að hraðað verði útgáfu fyrirliggjandi handrita að Áföngum svo og útgáfu leiðarlýsinga.

Orðið gefið laust.

Guðmundur Jónsson tók til máls og sagði að það væri til efni í tvær bækur af Áföngum og það þyrfti að koma því í verk að gefa það út.

Fleiri tóku ekki til máls gengið var til atkvæða, samþykkt samhljóða.

Tillaga á **þingskjali nr. 34** var því næst kynnt.

Þingskjal nr. 34
44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 felur stjórn L.H. að beita sér fyrir umræðum og markvissri fræðslu um leiðir til að tryggja að hestamennska sé stunduð í fullri sátt við landið. Þá beinir þingið þeim tilmælum til félagsmanna allra hestamannafélaga að virða í hvívetna hið viðkvæma íslenska náttúrufar.

Orðið gefið laust.
Sigurður Þórhallsson tók til máls og sagði að þetta væri þörf ábending því alltaf eru einhverjir slóðar sem ekki ganga um, sem skildi. En víða vanti merkingar á reiðleiðum og því geti reiðmenn villst af leið. Hann bað fulltrúa að bera þann boðskap heim í hérað að það er aðalsmerki hestamanna að ganga vel um landið og vera þar öðrum til fyrirmyndar.

Fleiri tóku ekki til máls gengið var til atkvæða um tillöguna. Tillagan samþykkt samhljóða.

Næst var tillaga á **þingskjali nr. 35**. kynnt.

Þingskjal nr. 35
44. þing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 lýsir stuðningi við störf Sigríðar Sigþórsdóttur við gerð reiðvega-áætlunar.

Tillagan samþykkt með dynjandi lófaklappi.

Næst var gerð grein fyrir störfum **kynbótanefndar. Haraldur Sveinsson** hafði orð fyrir nefndinni .
Engar tillögur lágu fyrir nefndinni en engu að síður starfaði

nefndin og kom fram með sínar tillögur.

Haraldur talaði fyrir tillögu nefndarinnar á **þingskjali nr. 36.**

Þingskjal nr. 36.
44. Þing L.H. haldið í Varmahlíð 29. og 30. október 1993 telur að Stóðhestastöð ríkisins gegni þýðingarmiklu hlutverki fyrir íslenska hrossarækt og hestamennsku.
Þingið lýsir hins vegar yfir áhyggjum af erfiðri fjárhagsstöðu Stöðvarinnar og telur nauðsynlegt að við því verði brugðist.

Orðið var gefið frjálst.

Reynir Hjartarson sagði að það hefði tekið tvo tíma að berja saman þingsályktun nr. 36 og hún væri svo sem ekki neitt og sagði hann Stóðhestastöðina eina allsherjar peningahít. Hann sagði að peningunum væri betur varið í annað.

Kristinn Hugason ræddi um Stóðhestastöðina vítt og breitt, kosti hennar og galla og kom inn á skiptar skoðanir manna um stöðu Stöðvarinnar.
Hann sagði að Stöðin hefði auðveldað mönnum uppeldi kynbótahrossa, þar væri alin upp vel hirt og vel þjálfuð úrvalshross. Þær breytingar hafa orðið að meira framboð er af tamningu og þjálfun kynbótahrossa hjá einstaklingum. Ýmsir hafa haldið því fram að með Stöðinni sé verið að stuðla að stöðluðu uppeldi kynbótahrossa, en það standist ekki þar sem aðeins hluti kynbótahrossa í landinu er alin þar upp.
Hann hvatti menn til að lýsa yfir stuðningi við rekstur Stóðhestastöðvarinnar í Gunnarsholti.

Erling Sigurðsson sagði að hann styddi tillöguna (**þingskjal nr. 36**) og einnig ræddi hann um nokkra dóma á hrossum sem hann hefur sýnt.

Ingimar Sveinsson sagði að uppbyggingin í Gunnarsholti hefði verið dýr en það væri engin lausn að leggja Stöðina niður þó reksturinn hefði verið erfiður. Hann sagði Stöðina hafa ákveðið gildi, vera hvatningu til umræðna um ræktun hrossa og hvatning til framfara í kynbótum.
Hann sagði að allt mætti bæta.
Með stuðningi við Stöðina væri ekki verið að hafna öðrum kostum.

Hallgrímur Jónasson tók undir orð Ingimars og sagði að það þyrfti að vera samhengi í gerðum manna, einnig sagði hann að Stöðin væri mjög vel í sveit sett og nyti mjög góðs vilja frá Gunnarsholti.
Hann lýsti stuðningi við tillöguna. Ekki kvöddu fleiri sér hljóðs.
Gengið til atkvæða um tillöguna.
Tillagan samþykkt samhljóða.
Næst kynnti Haraldur tillögu á **þingskjali nr. 37**

Þingskjal nr. 37
44. þing L.H. haldið í Varmahlíð 29. og 30. október 1993 beinir því til stjórnar L.H. og Félags hrossabænda að lögð verði sérstök áhersla á að ná fram lækkun á farmgjöldum útflutningshrossa og knúið verði á um að stjórnvöld beiti sér fyrir því að ná niður kostnaði sem kemur á gripina erlendis svo sem: tolla, dýralæknisskoðun, hafnargjöld, flugvallargjöld og skráningargjöld.

Enginn kvaddi sér hljóðs. Gengið til atkvæða.
Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Næst voru tekin fyrir mál frá **laganefnd**.
Arngrímur Geirsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Fyrir nefndinni lágu 5 þingskjöl um 3 mál. Fyrst tók Arngrímur fyrir **þingskjal nr. 5**.

Þingskjal nr. 5
44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð í Skagafirði 29. og 30. október 1993 samþykkir að gera breytingu á 5.grein laga L.H.
Lagt er til að fyrsta málsgrein 5.gr. hljóði svo:
"Ársþing hestamannafélaganna skal skipað fulltrúum er félögin kjósa til eins árs í senn. Félög með færri en 100 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 101-200 félagsmenn, tvo fulltrúa, félög með 201-300 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv.".
Aðrar málsgreinar 5.gr. verði óbreyttar.

Þessi tillaga hlaut ekki stuðning í nefndinni og leggur hún til að málið verði fellt.

Guðmundur Jónsson lýsti stuðningi við **þingskjal nr. 5** og taldi breytingu ekki mikla frá fyrri lögum.

Tillaga nefndarinnar um að fella tillögu í **þingskjali nr. 5** var borin upp og var samþykkt með greinilegum meirihluta.

Arngrímur talaði fyrir **þingskjali nr. 4** og gerði grein fyrir breytingum sem gerðar voru í nefndinni.

Þingskjal nr. 4
44. þing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir að breyta 13.gr. laga L.H. er varða atkvæðagreiðslur við lagabreytingar. Í gildandi lögum L.H. 13.gr. stendur:
Lögum þessum má aðeins breyta á lögmætu ársþingi og þarf 2/3 atkvæða mættra þingfulltrúa til þess að breyting sé lögmæt. Sambandið hættir störfum ef það er samþykkt á tveimur ársþingum í röð með 3/4 atkvæða þingfulltrúa á hvoru þingi og ráðstafar það síðan eignum sambandsins.
44. ársþingið samþykkir að breyta 13.gr. laganna þannig: "Lögum þessum má aðeins breyta á lögmætu ársþingi og þarf 2/3 greiddra

atkvæða þingfulltrúa til þess að breytingin sé lögmæt. Sambandið hættir störfum ef það er samþykkt á tveimur ársþingum í röð með 2/3 greiddra atkvæða þingfulltrúa á hvoru þingi og ráðstafar það síðan eignum sambandsins.
Greinargerð haldist óbreytt.
Eftirtaldir kvöddu sér hljóðs:

Ármann Gunnarsson ræddi tillöguna og sagðist ekki hafa fengið nógu góð rök fyrir breytingunni þ.e. að 2/3 hluti greiddra atkvæða þingfulltrúa þarf til þess að breyta lögum og velti því upp hvort slíkt sé lýðræðislegt.

Guðmundur Jónsson skýrði sitt sjónarmið í sambandi við **þingskjal nr. 4** og taldi að það þyrfti 2/3 hluta atkvæða til að breytingin sé lögmæt á breytingu á lögum L.H.

Arngrímur Geirsson sagði að vandfarið væri með lýðræðið en að með fyrirkomulaginu eins og það hefur verið, hafi minnihluti getað breytt lögum.

Borin var upp tillagan í **þingskjali nr. 4** og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá gerði Arngrímur grein fyrir afgreiðslu tillagna í **þingskjölum nr. 6 og 7.**
Nefndin leggur fram breytta tillögu á grunni þeirra.

Þingskjal nr. 7
44. þing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir að gjaldtaka til L.H. af unglingum sem verða 13 ára á almanaksárinu og yngri falli niður
11.gr. laga L.H. mundi þá hljóða á eftirfarandi hátt:
"Tekjur L.H. skulu vera: 1. Árgjald fyrir hvern skráðan félagsmann 14 ára og eldri skal ákveða á ársþingi. Félagar 14-16 ára greiði 1/2 gjald.
Félagar sem verða 13 ára á almanaksárinu og yngri eru undanþegnir gjaldskyldu til L.H.
Þessir félagar skulu ekki taldir með þegar ákveðinn er fjöldi fulltrúa á ársþing L.H. og fjöldi keppnishesta á lands- og fjórðungsmót í öllum keppnisgreinum þar sem félagsfjöldi ræður þátttöku".
Afgangur greinar óbreyttur.

Endurtaka þurfti atkvæðagreiðslu vegna **þingskjals nr. 4** og telja atkvæðin þar sem um lagabreytingu var að ræða. Samþykkt með 92 atkvæðum, 1 á móti.

Þá var aftur tekið fyrir **þingskjal nr. 7.**
Orðið gefið laust. Eftirtaldir kvöddu sér hljóðs:

Hallgrímur Jónasson taldi þessa tillögu í þversögn við vaxandi

starf æskulýðsins í hestamannafélögunum.
Með þessu sé verið að gera börnin að annars flokks félögum í samtökunum. Hann kvatti til þess að tillagan væri felld.

Gunnar Maggi Árnason tók næstur til máls. Hann taldi ekki eðlilegt að leggja aukin verkefni á L.H. ef á sama tíma ætti að minnka tekjur sambandsins. Hann lagði því til að tillagan yrði felld.

Elín Magnúsdóttir sagði að æskulýðsnefndin hefði lagt þessa tillögu fram að beiðni félaga í hestamannafélögunum. Með því móti næðust börnin frekar inn í félögin.
En eins og tillagan er lögð fram með breytingum þá leggur hún til að tillagan sé felld.

Arngrímur Geirsson sagði að Skuggamenn vildu ekki draga til baka **þingskjal nr. 6** og þess vegna hafi **þingskjal 7** verið samið sem málamiðlun.

Þórður Bachman frá Skugga sagði að mikil samkeppni væri um krakkana í hinu ýmsa íþrótta- og tómstundastarfi.
Félagið hefði fellt niður félagsgjald unglinganna til þess að fé þau í félagið. Hann benti á að gjald fyrir unglingana til L.H. væru 6.3% af heildarfélagsgjöldunum og það gæti ekki skipt sköpum fyrir L.H.

Guðbrandur Kjartansson sagði að það kostaði 12-14 þúsund að sparka bolta í Garðabæ síðasta vetur og lagði til að fella tillöguna.

Sigrún Sigurðardóttir sagði þessa tillögu móðgun við unglingana í félögunum og að með henni væri verið að taka af þeim rétt sem fullgildir félagsmenn.
Hún hvatti til þess að tillagan væri felld.

Arngrímur Geirsson tók því næst til máls um **þingskjal 7**. Taldi hann að ekki væri verið að taka nein réttindi af börnunum með samþykkt fyrirliggjandi tillögu.

Reynir Hjartarson sagði að með tillögunni væri verið að svipta börnin réttindum. Félögin hvert fyrir sig þyrftu ekki að taka gjald af þeim, þó þau skiluðu gjaldi fyrir þau til L.H.
Sagði hann skylt að fella tillöguna.

Gengið var til atkvæða um **þingskjal 7**. Samþykkir 7 á móti 81. Tillagan felld. Þar með er tillaga á þingskjali nr. 6 jafnframt felld. Upphafleg tillaga á þingskjali nr. 7 var dregin til baka.

Matarhlé.

Fundi framhaldið kl. 13.

Formaður **keppnisnefndar Eyjólfur Ísólfsson** gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og lagði fyrst fram og kynnti tillögu á **þingsskjali nr. 13.**

Þingskjal nr. 13
Þingið samþykkir að fella niður flokkun dómara í gæðinga- og unglingaflokkum. Út félli því orðið landsdómari og félagsdómari og í staðin komi orðið dómari.

Lagði **Eyjólfur** til að vísa tillögunni til dómarafélagsins. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillaga hans þess efnis var samþykkt samhljóða.

Næst kynnti hann tillögu á **þingskjali nr. 14** og lagði hann til að vísa tillögunni til milliþinganefndar.

Þingskjal nr 14.
44. ársþing L.H. samþykkir eftirfarandi breytingu á 13. gr. 4. kafla kappreiðareglna: Í lok greinarinnar komi þessi viðbótarsetning:
Þá er og heimilt að ræsa hestana á ferð, enda sé þess gætt, að þeir fari samtímis yfir ráslínu.

Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillaga hans var samþykkt samhljóða.

Þá kynnti hann tillögu á **þingskjali nr. 15**. Lagði hann til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingskjal nr. 15
44. ársþing L.H. haldið í Varmahlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir að sá keppnisflokkur sem kallast hefur "Yngri flokkur unglinga" skuli framvegis kallast "Barnaflokkur" og flokkur sá er kallast hefur "Eldri flokkur unglinga" kallist hér eftir "Unglingaflokkur".

Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Tillaga á **þingskjali nr. 16** var næst kynnt.

Þingskjal nr. 16
44. þing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir eftirfarandi viðbót við 7.gr. laga um gæðingakeppni:
Í gæðingakeppni er knapa skylt að bera reiðhjálm.

Tillagan var felld í nefndinni af meirihluta hennar. Orðið gefið laust.

Kári Arnórsson kom í pontu og mælti með þessari tillögu, þar sem allsstaðar væri verið að herða öryggiskröfur og það væri kominn

tími til að fullorðnu knaparnir sýndu fordæmi.
Það væri alltof mikið um að fréttist af slysum, þar sem hjálmar hefðu bjargað miklu.

Erling Sigurðsson benti á að í unglingakeppni og íþróttakeppni ætti að nota hjálma og væri það gott. Hann taldi samt að hætturnar leyndust frekar hjá hinum almenna reiðmanni og einnig hjá tamningamönnum. Honum finnst að svona boð og bönn eigi ekki rétt á sér varðandi gæðingakeppnina. Frekar að nota hjálmana í útreiðum. Hann kvatti til þess að hafna tillögunni.

Kári Arnórsson sagði að þetta væri það vald sem við höfum að lögleiða hjálma í keppnum.
Unglingarnir líta upp til þessara frægu reiðmanna og þetta er liður í að útbreiða notkun hjálma.

Erling Sigurðsson sté aftur í pontu og sagðist hann svo sem skilja afstöðu Kára í málinu en hann taldi sig ekki þurfa að borga fyrir að auglýsa hjálmana sem væru lúxusvara.

Kristinn Guðnason tók þar næst til máls. Hann var sama sinnis og Erling og benti á þarfari notkun hjálmana í almennum útreiðum. Hann lagði til að tillagan yrði felld.

Þorvaldur Ágústsson kom og ræddi málið og taldi að slysatíðni væri mest í hestamennsku og slysin flest í höfuðáverkum.
Sjálfur fer hann aldrei á bak í frumtamningu án hjálms.
Vonaðist hann til að þetta þing samþykkti að almenn notkun yrði lögleidd.

Guðbrandur Kjartansson tók næstur til máls. Hann lýsti sig hlynntan tillögunni og taldi að auka þyrfti notkun hjálmana.

Erling Sigurðsson svaraði Þorvaldi Ágústssyni og taldi hann ekki fara með rétt mál. Ítrekaði hann sína fyrri skoðun.

Hrafnkell Guðnason sagði að hjálmarnir væru nauðsynleg öryggistæki en hann vildi ekki lögleiða þá í gæðingakeppni. Hins vegar ættu menn að nota þá sem mest.

Sigfús Guðmundsson lýsti því yfir að hjálmamálið væri ekkert grín og gamanmál og menn ættu ekki að vera að gantast með þessa tillögu. Hann hvatti þingheim til að samþykkja þessa tillögu.

Fleiri tóku ekki til máls og var tillagan borin undir atkvæði.
Tillaga nefndarinnar felld.
Þá var upphafleg tillaga á **þingskjali nr. 16** borin undir atkvæði.
Tillagan var samþykkt með 54 atkvæðum gegn 31.

Næst kynnti **Eyjólfur** tillögu á **þingskjali nr. 17** með áorðnum breytingum.

Þingskjal nr. 17
44. þing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir að breyta 13.gr. reglugerðar um gæðingakeppni og reglugerð um unglingakeppni þannig að við þær bætist eftirfarandi:
Heimilt er að sýna einungis heildareinkunn hests að lokinni keppni hans, ef skráning einkunna fer fram með tölvubúnaði. Þá skal sýna röð keppenda eftir einkunnum á tölvuskjá að loknum dómi hvers hests. Einnig skal sýna sundurliðun einkunna strax að lokinni hverri keppnisgrein á tölvuskjá eða prentuðum lista.

Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan samþykkt.

Að svo búnu kynnti hann tillögu á **þingskjali nr. 23.**

Þingskjal nr. 23
44. þing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir að stjórn samtakanna verði falið að stuðla að tölvuvæðingu gæðingadóma á stórmótum með því að annast um gerð hugbúnaðar, sem byggður er á tillögum milliþinganefndar um tölvuvæðingu á stórmótum.

Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan samþykkt samhljóða.

Eyjólfur kvaddi sér hljóðs og tjáði þingheimi að það hefði aðeins háð störfum nefndarinnar að ekki væri til skýrar reglur um það hvernig að nefndin ætti að starfa. Hvatti hann til þess að slíkar reglur yrðu gefnar út.

Kolbrún Kristjánsdóttir gerði grein fyrir störfum **æskulýðsnefndar.**
Fyrst tók hún fyrir **þingskjal nr. 18.**

Þingskjal nr. 18.
44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 samþykkir að gefa starfandi æskulýðsnefnd umboð til að skipuleggja starfssvið æskulýðsfulltrúa og skilgreina nánar starfssvið hans. Skipulag þetta yrði síðar borið upp hjá stjórn L.H.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Til máls tók:

Ásdís Ingimarsdóttir. Taldi hún þetta mikilvægt mál og hvatti menn til að styðja tillöguna. Hún fjallaði einnig um álit æskulýðsnefndar. Ekki kvöddu fleiri sér hljóðs. Gengið var til atkvæða.
Tillagan var samþykkt samhljóða.

Æskulýðsnefnd leggur til að tillögur á þingskjölum no. 19 og 20 falli niður og í stað þeirra leggur nefndin fram aðra tillögu.

Þingskjal nr. 27.
44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð 29.-30. október 1993 samþykkir að æskulýðsnefnd L.H. og H.Í.S. hafi til ráðstöfunar sem nemur 12 mánaða launum æskulýðsfulltrúa ár hvert. Æskulýðsnefnd L.H. og H.Í.S. ákveður síðan um mannaráðningar, framkvæmd og skipulag starfseminnar.

Til máls tók **Ásdís Ingimarsdóttir** og hvatti til þess að tillagan yrði samþykkt.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Kolbrún þakkaði þingfulltrúum fyrir að taka svo vel undir tillöguna.

Marteinn Valdimarsson gerði grein fyrir störfum allsherjarnefndar.
Varðandi sameiningarmál L.H. og H.Í.S höfðu menn rætt við Sigurð Magnússon og Marteinn óskaði eftir að Sigurður fengi að ávarpa þingið.

Fyrst var tekin fyrir tillaga á **þingskjali nr. 9** með orðalagsbreytingum nefndarinnar.

Þingskjal nr. 9.
44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð 29.-30. október 1993 samþykkir að fela stjórn L.H. að vinna að því að fá reiðhjálma lækkaða í verði m.a. með því að fá virðisaukaskatt felldan niður eða lækkaðan.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá voru teknar fyrir tillögur á **þingskjölum no. 10, 11 og 12** sem allar fjalla um sameiningu L.H. og H.Í.S. Allsherjarnefnd leggur til að tillaga á **þingskjali 11** verði samþykkt. Óskaði hann eftir samþykki fundarins fyrir því að Sigurður Magnússon fengi að taka til máls og samþykkti fundurinn það.

Þingskjal nr. 11.
44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. okt. 1993 samþykkir að stjórn sambandsins fari þess á leit við Hestaíþróttasamband Íslands að skipuð verði sameiginleg nefnd á vegum beggja samtakanna, er geri tillögu að skipuriti af sameinuðum heildarsamtökum hestamanna ásamt tillögum að lögum og reglum fyrir hin sameinuðu samtök. Þá skal samið álit á kostum og göllum þessa skipulags miðað við núverandi skipulag. Tillögur nefndarinnar skulu lagðar fyrir hestamannafélögin og íþróttadeildirnar fyrir 1. september 1994 og þing L.H. og HÍS

næstkomandi haust til kynningar.

Þá tók **Sigurður Magnússson framkvæmdastjóri ÍSÍ** tók til máls.
Sagðist hann líta á sig sem hestaáhugamann þó ekki færi hann á hestbak. Sagðist hann hafa átt viðræður við ýmsa forystumenn hestamannasamtakanna varðandi aðild hestamanna að íþróttahreyfingunni það er gagnkvæmur þekkingaskortur í samtökum hestamanna og innan íþróttasamtakanna á innra starfi hvors annars. Sagðist hann hafa átt góðar viðræður við allsherjarnefnd þingsins. Full ástæða væri til þess að skoða möguleika á að sameina L.H. og H.Í.S.
Í raun væri íþróttaforystan að kljást við svipuð vandamál því samtökin eru þríklofin og ákveðin hætta á að aðilar vaxi hver frá öðrum.
Aðspurður hafði hann svarað nefndarmönnum að andi innan Í.S.Í. í garð hestamanna væri yrirleitt góður. En vanþekking á málum hestamanna verkaði í sumum tilfellum neikvætt.
Taldi hann að það væri mál samtakanna hvort þau gerðust aðilar að FEIF og Í.S.Í. skipti sér ekki af því.

Lög Í.S.Í. ná ekki yfir hestamennsku þættir sem snúa að knapanum og tamningamanninum, en ræktunarstarfið fellur ekki undir lög Í.S.Í. það er þó ekkert sem bannar Í.S.Í. að vinna að málum til hagsbóta fyrir þessa starfsemi.

Varðandi fjármálin sagði Sigurður að Í.S.Í. innheimti sáralítil gjöld af félagsmönnum, engu að síður þarf fjármagn og beita menn ýmsum leiðum til að afla þess.

Atvinnumenn- áhugamenn það hugtak er smám saman að hverfa. Tamningamenn t.d. gætu vel fallið inn í íþróttahreyfinguna hvað það varðar.
Eina sem gæti stoppað það væri H.Í.S. ef það setti reglur þar um.
Það hefur reynst farsælast að him ýmsu sérsambönd fari sem mest mað sím mál. Að lokum sagðist Sigurður vera fús að svara þeim fyrirspurnum sem upp kynnu að koma.

Til máls tóku:

Hallgrímur Jónasson: Þakkir fyrir greinagott erindi Sigurðar Magnússonar framkvæmdarstjóra Í.S.Í.
Tillögum sem fyrir liggja miða allar að því að málin verði skoðuð.
Tillaga Fáks mjög gott innlegg til skoðunar á málum. Menn flýti sér hægt og skoði málin vel.

Guðbrandur Kjartansson þakkaði Sigurði, sat fund með honum í morgun.
Af 48 hestamannafél. voru bara 16 félög sem skiluðu svörum um þessi sameiningarmál. Taldi æskilegt að fá svör frá þessum

aðilum. Vildi fara sér hægt, skoða málin vandlega og stíga ekki skrefið fyrr en slík skoðun hefði farið fram og niðurstaða lægi fyrir.
Ef til vill að skoða sameiningu hestamannafélaga eins og Kári benti á í gær.
Ef til vill að skoða upprunalegan tilgang L.H.

Stefán Pálsson: Þakkað Sigurði Magnússyni fyrir gott erindi. Sameiningarmálin væru stórmál sem ræða þyrfti málefnalega. Hann þakkaði milliþinganefndinni um könnun á kostum og göllum þess að sameina L.H. og HÍS í landsfélag, fyrir ágætt starf. Við eigum að skoða málið áfram kosti og galla fordómalaust sagði Stefán. Ekki kvöddu fleiri sér hljóðs. Gengið var til atkvæða um tillögu nefndarinnar, sem leggur til að tillaga á **þingskjali nr. 11** verði samþykkt óbreytt og tillögur á **þingskjölum 10 og 12** falli niður. **Þingskjal nr. 11** var samþykkt samhljóða.

Jón Ólafur Sigfússon gerði grein fyrir tillögu á **þingskjali nr. 3.** fyrir **fjárhagsnefnd.**

Þingskjal nr. 3
Nefndin leggur til að fjárhagáætlun verði samþykkt óbreytt.
Tillagan samþykkt samhljóða.

Haraldur Þórarinsson gerði grein fyrir störfum **fræðslu-og útgáfunefndar.** Lagði hann til að tillaga í **þingskjali nr. 25** verði samþykkt.

Þingskjal nr. 25.
44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð í Skagafirði 29. og 30. október 1993 felur stjórn L.H. að gera kostnaðaráætlun fyrir gerð námsskrár í hestamennsku og kanna leiðir til fjármögnunar þessa verkefnis. Í framhaldi af því verði samin námsskrá í hestamennsku þar sem leitað verði upplýsinga og gagna hjá sem flestum kunnáttuaðilum í kennslufræði og hestamennsku.
Greinargerð fylgdi með þessari tillögu.

Ingimar Sveinsson tók til máls og sagði að nefndin hefði náð að halda einn fund og legði fram áfangaskýrslu þess sem fram kemur að verkið sé það viðamikið að, að því þurfi að koma opinber stofnun.
Samvinnu þurfi að ná við Námsgagnastofnun um gerð námsskrár svo og að í það fáist fjárveiting.
Tillaga 25 er eiginlega sú sama og í fyrra þannig að e.t.v. ætti nefndin bara að halda áfram störfum.

Haraldur Þórarinsson kvaddi sér hljóðs og taldi eðlilegt að kostnaðaráætlun yrði gerð varðandi þetta mál og því fylgt betur eftir.
Ekki kvöddu fleiri sér hljóðs og var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Þá var tekið fyrir **þingskjal nr. 26** og mælir nefndin með að það verði samþykkt.

Þingskjal nr. 26.
44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 þakkar sjónvarpsstöðvum fyrir vel gerða þætti um hesta á liðnum árum. Þingið felur stjórn L.H. að leita leiða til að fá inni á annarri hvorri sjónvarpsstöðinni með fasta þætti um hestamennsku. Greinargerð fylgdi með tillögunni.

Orðið gefið frjálst.

Hallgrímur Jónasson lagði til að breyting yrði gerð á **þingskjali nr. 26** þannig að þakkað yrði fyrir þá þætti og skrif sem fram hafa komið í **fjölmiðlum**.

Sigurður Páll Ásólfsson sagði að tillagan væri ekki nógu góð, þar sem sjónvarpið hafi alls ekki staðið sig, dæmi frá Heimsmeistaramótinu í sumar. Mótið ekki meðhöndlað sem **frétt** heldur gerður þáttur, að vísu góður, en ekki sýndur fyrr en löngu eftir mót.
Beinir því til skrifstofu L.H. að beita sér við sjónvarpið að það fjalli meira um hestamennsku.

Þá tók til máls **Haraldur Þórarinsson** og kvaðst sammála bæði Hallgrími og Sigurði Páli varðandi **þingskjal nr. 26** auk þess sem hann bar fram tillögu þess efnis að í staðinn fyrir orðið **sjónvarpsstöð** kæmi orðið **fjölmiðlar**.
Það var samþykkt.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Til máls tóku:

Erling Sigurðsson kom með fyrirspurn til stjórnar L.H. hvort mætti auglýsa á reiðhjálmum. Er orðinn þokkalega ánægður með reiðhjálmatillöguna þar sem hægt sé að hafa tekjur af auglýsingum. Kvartar undan því að ekki hafi verið staðið við að veita verðlaun í kappreiðum til fimm efstu knapa og hesta á Fjórðungsmótum og Landsmótum undanfarið.
Vill að 40.grein keppnisreglna verði lesin upp fyrir þingheim, til að taka af allan vafa um hver réttur manna sé í þessu máli.

Valdimar Kristinsson blaðamaður þakkaði hlý orð í garð Morgunblaðsins varðandi greinar um málefni hestamanna.
Hann skýrði frá því að Styrmir G. ritstjóri hefði átt hugmyndina að vikulegum pistlum varðandi hestamennsku.

Birgir Rafn Gunnarsson þakkar fyrir málefnalegt þing, þingfulltrúar taka hlutverk sitt alvarlega.
Stjórnendur staðið sig vel, vel undirbúið, flytur aðstandendum þingsins þakkir með lófataki.

Kristinn Guðnason tók til máls og ræddi væntanlegt landsmót næsta sumar.
Þátttökuréttur á landsmóti verður sá sami og á síðasta landsmóti.
Fá hross á hvert ræktunarbú í ræktunarsýningu og búum þá fjölgað.
Hann fjallaði um væntanlegan fjölda erlendra ferðamanna á mótið og bauð að lokum alla hestamenn velkomna.

Guðmundur Jónsson form. L.H. segir auglýsingar á fatnaði ekki heimilar, og þar sem litið sé á hjálma sem fatnað, þó öryggistæki sé, séu auglýsingar á hjálmum óheimilar.
Ræddi fyrirspurn Erlings Sigurðssonar varðandi fjölda verðlauna á stórmótum með því að lesa 40.grein úr reglum um kappreiðar: "Í úrslitasprettum skal a.m.k. veita þrenn verðlaun, þ.e. 1. 2. og 3. verðlaun í hverjum þeirra".
Á lands- og fjórðungsmótum verði þó veitt 5 verðlaun í hverri hlaupagrein.

Kári Arnórsson las upp eftirfarandi vísur með formálum:

Yfir því er lítill ljómi
loks er tölvan sigur vann
Öðlingshestur einn í dómi
enginn maður situr hann.

Vegna hóls til Sigríðar Sigþórsdóttur:

Sigga er eins og maður sér
svaka vinsæl kona
Það er gaman þykir mér
þegar menn vinna svona.

Reynir Hjartarson kom inn á lyfjanefndarmál og lagði til að lyfjaprófanir yrðu samþykktar á næsta landsmóti. Hins vegar þyrfti að skipa nefnd til að ákveða til dæmis refsingar varðandi brot á reglum.
Guðbrandur Kjartansson starfandi í lyfjanefnd svaraði máli Reynis og kvað ekkert því til fyrirstöðu að taka upp lyfjaprófanir á næsta landsmóti. Hann benti á kostnað varðandi lyfjapróf og nauðsyn þess að kynna reglurnar er farið yrði eftir, stöðluðum alþjóðlegum reglum.
Fram kom í máli Guðbrands að hann hefur rætt þessi mál við Sigurð Magnússon hjá Í.S.Í. Honum finnst að reglur þessar eigi að taka til íþrótta- og gæðingadóma. Aðskilja verður þessar prófanir frá lyfjaprófum á kynbótahrossum því þar eru önnur sjónarmið.

Kaffihlé.

Fundi fram haldið kl. 16:15.

Til máls tók **Hallgrímur Jónasson** og ræddi um tillögu varðandi lyfjapróf.
Hann þakkaði Skagfirðingum höfðinglegar móttökur og einnig framkvæmdastjóranum Sigurði Þórhallssyni og Ingibjörgu Magnúsdóttur fyrir mikla og góða vinnu við landsþingið.

Þingforseti bað um samþykki fundarins til að bera undir fundinn skriflega ályktun sem borist hafði. Var það samþykkt samhljóða. Þá var opnað fyrir umræður um ályktunina.

Ályktun frá Hallgrími Jónassyni:

44. ársþing L.H. haldið að Varmahlíð 29. og 30. október 1993 beinir því til framkvæmdastjórnar landsmóts 1994 að framkvæmd verði lyfjapróf sé það mögulegt í samræmi við reglur þar um. Framkvæmd þessara mála verði þá unnin í samráði við lyfjanefnd L.H.

Ólafur Einarsson segir að ekki sé síður ástæða til að taka lyfjapróf á kynbótahrossum heldur en gæðingum, vegna þess að þar séu ekki síður miklir hagsmunir í húfi.

Guðbrandur Kjartansson útskýrði fyrirhugaðar lyfjaprófanir og kom inn á refsingarhlið málsins. Hann benti á að ekki væri staður í lögum og reglum L.H. varðandi lyfjapróf.

Reynir Hjartarson benti á að ekki þyrfti lagabreytingu til að framkvæma lyfjapróf, heldur einungis samþykki þingsins.

Ályktunin var borin upp og samþykkt samhljóða.

Kosningar
Fyrst var kosið um varaformann. Guðbrandur Kjartansson núverandi varaformaður gefur kost á sér til endurkjörs og var endurkjörinn með lófataki.
Sigfús Guðmundsson og Sigbjörn Björnsson voru jafnframt endurkjörnir í stjórn L.H. á sama hátt.
Varastjórn þurfti að kjósa. Kolbrún Kristjánsdóttir og Stefán Bjarnason gáfu ekki kost á sér til endurkjörs, en aðrir varastjórnarmenn gáfu kost á sér í endurkjöri. Stungið var upp á Kristjáni Auðunssyni og Stefáni Erlingssyni.
Kosið var skriflega.
Kosningu til eins árs hlutu:

Marteinn Valdimarsson	100	atkvæði
Ágúst Oddsson	99	atkvæði
Sigurgeir Bárðarson	90	atkvæði
Stefán Erlingsson	84	atkvæði
Kristján Auðunsson	71	atkvæði

Þá var komið að kosningu tveggja endurskoðenda. Kosnir voru til eins árs þeir:
Þorvaldur Þorvaldsson og Gísli B. Björnsson.

Næst var gengið til þingslita:

Guðmundur Jónsson formaður tók til máls og ávarpaði þingheim. Hann þakkaði góðar móttökur og góða aðstöðu við þinghaldið. Hann þakkaði jafnframt vel unnin störf á þinginu og tilkynnti að næsta þing yrði haldið í boði hestamannafélagsins Geysis á næsta ári á Hvolsvelli. Hann þakkaði þingforsetum og riturum góð störf og sleit þinginu.

Þingforsetar:
Páll Dagbjartsson
Einar Gíslason

Ritarar:
Vigdís Sveinbjörnsdóttir Freyfaxa
Þorsteinn Steinsson Sörla
Hólmfríður Ingólfsdóttir Loga
Eggert Pálsson Þyt
Kristján Gunnlaugsson Fáki
Gísli Sv. Halldórsson Svaða
Sigríður Hermannsdóttir Neista